

Stjórnarfundur Hvanneyrabúsins

19. mars 2020

Mætt: Egill Gunnarsson, Pétur Diðriksson, Baldur Helgi Benjamínsson og Ragnheiður Þórarinsdóttir

1. Reikningar

Bústjóri fór yfir drög að ársreikningi 2019. Rekstur hefur gengið vel á árinu og hagnaður 9,8 m. kr. Núverandi lán eru smám saman að greiðast upp á næstu fjórum árum.

Full endurskoðun er ekki lengur nauðsynleg og kostnaður vegna endurskoðunar mun því lækka auk þess sem reikningar verða tilbúnir fyrr en áður.

Ákveðið að óska eftir greiðslu úr stofnsjóði SAH.

Bústjóri fór yfir árangurstengdar greiðslur sem þegar hafa verið samþykktar og bókfærðar og verða greiddar út á árinu. Ákveðið hefur verið að endurskoða samningana.

2. Umsóknir um starf fjósameistara

Bústjóri fór yfir umsóknir sem bárust um starf fjósameistara. Viðtöl fara fram á morgun.

3. Mjaltabúnaður

Bústjóri fór yfir tilboð um mjaltabúnað sem borist hafa og fjármögnunarmöguleika. Auk þess kynnti hann útreikninga á hagræðingu miðað við ákveðnar forsendur. Nokkrar umræður fóru fram, sérlega vegna óvissunar framundan og mikilla breytinga á gengi EUR. Ákveðið að bústjóri muni hringja í söluaðila vegna gengisbreytinga. Ákveðið hefur verið að ræða áfram við einn söluaðila en hafna öðrum tilboðum með öllu.

4. Innviðasjóður

Ákveðið var að sækja um í innviðasjóð vegna mjaltabúnaðar og tengdum rannsóknarbúnaði og byggja á þeirri góðu greiningarvinnu sem bústjóri hefur framkvæmt.

Fyrir liggur að Jóhannes Sv. Og Jóhannes Kr. munu sækja um styrk fyrir kjarnfóðurbás sem mælir metanlosun.

5. Önnur mál

Búið er að tæma og fjarlægja haugpoka. Var bústjóra óskað til hamingju með þann áfanga.

Bústjóri fór yfir stöðu mála og lítur framleiðsla vel út.

Endurskoðaðir reikningar munu liggja fyrir í kringum 20. apríl. Ákveðið var að aðalfundur verði haldinn 28. apríl kl 13.

19.3.2020 / RIP